



OPNI HÁSKÓLINN

Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

„Frumgreinanámið uppfyllti hugmyndir mínar um góðan undirbúning fyrir verkfræðina.“

*Susanne Götz,
nemi í hugbúnaðarverkfræði*

„Að mínu mati er frumgreinanámið afar góður kostur fyrir þá sem hafa ekki stúdentspróf. Námið er krefjandi, hagnýtt og skemmtilegt.“

*Guðrún Þórhalla Helgadóttir,
nemi í viðskiptafræði*

„Frumgreinanámið var gríðarlega góður undirbúningur fyrir í nám í hátækniverkfræði sem ég stunda núna við Háskólann í Reykjavík. Námsefnið í frumgreinadeildinni er mjög viðtækt og skilar góðum grunni fyrir hvaða nám sem fólk hefur áhuga á að stunda.“

*Pétur Guðnason,
nemi í hátækniverkfræði*

„Þetta er frábær undirbúningur fyrir háskólanám, sérstaklega lærir maður að læra undir álagi, því þetta voru að jafnaði átta fög á hverri önn.“

*Guðlaugur Jónas Guðlaugsson,
nemi í lögfræði*

„Það er ekki nokkur spurning að frumgreinanám HR hentaði mér mjög vel. Bekkjarkerfi, fólk á mínu reki, fólk með metnað og áhuga á náminu.“

*Sigrún Inga Kristinsdóttir,
nemi í tölvunarfræði*

„Þar sem ég hafði lokið iðnnámi og hafði áhuga á frekara námi lá beinast við að skella sér í frumgreinanámið og ná sér í viskuna sem þurfti til að komast í háskólanám. Seinna meir komst ég að því, að mér líkaði mjög vel hérna og þar af leiðandi fann ég nám í skólanum sem hentaði mér.“

*Steinar Rúnarsson,
nemi í rafmagnstækni*

Nánari upplýsingar:



Málfríður Þórarinsdóttir
Forstöðumaður frumgreinamenntar
malfrid@hr.is
Sími 599 6438



FRUMGREINAR

HÁSKÓLAGRUNNUR



OPNI HÁSKÓLINN Í HR
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



Við Háskólann í Reykjavík er boðið upp á frumgreinanám sem er undirbúningur fyrir háskólanám. Frumgreinanám HR hefur í tæp 50 ár reynst frábær brú milli atvinnulífs og háskólanáms. Það er góð leið fyrir þá sem hafa iðnmenntun og reynslu úr atvinnulífi.

Markvisst og metnaðarfullt nám á stuttum tíma. Náminu lýkur með frumgreinaprófi sem veitir rétt til háskólanáms.

Frumgreinanám hentar líka stúdentum sem þurfa að styrkja sig í stærðfræði og raungreinum.

Mikil og góð reynsla er af þessu námi og rannsókn sem gerð var á gengi iðnlærðra með frumgreinaprófi í tæknifræði og verkfræði við Háskólann í Reykjavík sýndi að þessir nemendur standa vel að vígi.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM

- Námið tekur frá einni önn til fjögurra anna, allt eftir undirbúningi umsækjenda.
- Allir áfangar eru kenndir bæði á haust- og vorönn.
- 1. önn er kennd í fjarnámi. 2., 3. og 4. önn í staðarnámi.
- Stefnt er að auknu fjarnámi.
- Fullt nám á 2., 3. og 4. önn er lánshæft hjá LÍN. Kynntu þér reglur um lánshæfi.
- Mörg stéttarfélag aðstoða félagsmenn sína við greiðslu námskeiðsgjalda. Kannaðu rétt þinn.
- Þeir nemendur sem bestum árangri ná á hverri önn eiga þess kost að fá námsstyrk frumgreinamenntar og fá skólagjöld næstu annar felld niður.
- Nemendur frumgreinanáms hafa fengið styrk til að dvelja erlendis við tungumálanám og starfskynningar.

HÁSKÓLAGRUNNUR FRUMGREINAR



Af hverju frumgreinanám?

- Skemmtilegt og krefjandi nám eru einkunnarorð nemenda.
- Gott og hagnýtt undirbúningsnám.
- Lýkur með frumgreinaprófi sem veitir rétt til háskólanáms.
- Fyrsti valkostur fólks með starfsreynslu.
- Metnaðarfullir nemendur og kennarar.
- Námið byggir m.a. á hópvinnu og öflugri samvinnu nemenda.

Yfirlit náms

	1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
Íslenska	ÍSL 1003	ÍSL 2003	ÍSL 3003	ÍSL 4003
Danska	DAN1003	DAN 2003	DAN 3003	
Enska	ENS 1003	ENS 2003	ENS 3003	ENS 4003
Pýska		PÝS 1003	PÝS 2003	
Stærðfræði (algebra)	STÆ 1003	STÆ 2003	STÆ 3003	STÆ 4003 STÆ 5003
Stærðfræði (rúmfræði)	STÆ 1103	STÆ 2103	STÆ 3103	STÆ 4103
Tölvufræði	TÖL 1003			
Bókhald	BÓK 1003			
Efnafræði		EFN 1003	EFN 2003	
Eðlisfræði		EDL 1013	EDL 2013	EDL 3013
Tölvutækni				TÖT 1003
Hugmyndasaga				HUG 1003

